



191. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 8. des. 2016 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra), Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Lísu Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigprúður Jónsdóttir (boðaði forföll), Sigþór Constantín Jóhannsson (fulltrúi nemenda) mætti ekki og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra D. Gunnarsdóttir formaður skólanefndar setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 190. fundar var samþykkt án athugasemda.

2. IÐA – nýting íþróttafélaga - OLG

Olga Lísu skólameistari kynnti stöðuna varðandi notkun á íþróttahúsinu Iðu. Hún fór í grófum dráttum yfir úttekt sem fram fór á vegum HSÍ á íþróttahúsi Vallaskóla og Iðu. Rætt var um ýmislegt sem tengdist því að meistaraflokkar í handknattleik flyttu sig úr Vallaskóla í Iðu. Margir fletir voru ræddir á þessu máli og ákveðið að halda öllum möguleikum opnum.

3. Enn um heimavistarmál – OLG / ÞI

Skólameistari kynnti hugmynd að samvinnu við ML vegna heimavistarmála. Hugmyndin gengur út á að nemendur úr FSu fengju að leigja laus pláss á heimavist ML og tækju strætó í FSu. Rætt um heimavistarmál almennt og þá sérstaklega þá sem eru utan aksturssvæðis og af austursvæði skólans. Ákveðið að halda þessu máli opnu og skoða möguleikana.

4. Nýbygging FSu – styrkir frá fyrirtækjum – OLG

Olga Lísu sagði frá styrkjum og gjöfum frá fyrirtækjum og einstaklingum til skólans sem tengjast nýju verknámshúsi. Jákvætt að finna fyrir þessari jákvæðni gagnvart skólanum úr samfélaginu. Stefnt er að formlegri opnun nýja Hamars í janúar.

5. Málþing árið 2017 - SDG

Frestað til næsta fundar.



6. Önnur mál:

A. Nemendatölur næstu ára

Frestað til næsta fundar.

B. Gjaldskrá FSu. - Nemendagjöld

Haraldur kynnti tillögur að nýrri gjaldskrá (nemendagjöldum) fyrir næsta ár. Umræður sköpuðust um gjöldin. Gjaldskráin samþykkt án athugasemda.

C. Annað

Minnt var á brautskráningu 17. desember og var verið að velta fyrir sér hver gæti komið fyrir hönd skólanefndar og afhent verðlaun. Ekkert ákveðið í þeim efnum.

Næsti fundur er fyrirhugaður 26. janúar 2017

Fundi slitið kl. 11:00
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson